




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 23 — MARS '82



Útgefandi **ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN**, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 1. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon
s. 22229

Gjaldkeri: Halldór Guðmundsson
s. 86090

Ritari: Magnús Guðmundsson
s. 30214

Varaformaður: Torfi Hjaltason
s. 24204

Meðstjórn: Vilborg Hannesdóttir
s. 40684

Róbert Tómasson
s. 36588

Ferðanefnd: Guðjón Ó. Magnússon
Torfi Hjaltason
Pétur Ásbjörnsson
Hreinn Magnússon
s. 20286

Húsnefnd: Anna Guðrún Línal
s. 26357
Vilborg Hannesdóttir
Róbert Tómasson

Ragnar Jóhannsson
s. 84263
Þórunn Bjarnadóttir
s. 73525

Ritnefnd:

Ábyrgðarmaður: Magnús Guðmundsson

Aðrir í ritnefnd: Sighvatur Blöndahl,
s. 32789, v. 10100

Snævarr Guðmundsson,
s. 85070

Ólafur Baldursson
s. 13708

Olgeir Sigmarsson,
s. 26793

Fræðslunefnd:

Torfi Hjaltason
Helgi Benediktsson
Arnór Guðbjartsson

Um skráningu nýrra félaga og breytt heimilisföng sér Róbert Tómasson, spjaldskrárritari. Sími 36588.

Efnisfirlit:

Frá stjórninni	3
Félagsstarfið	4
Ársskýrsla stjórnar ÍSALP 1981	8
Ársreikningar	10
Klifurferð til Noregs!	12
Fyrsta vetrarferð á Hraundranga	15
Fyrsta atлага að Hraundranga	15
Myndaopna	16
Leiðarvisir ÍSALP Nr. 17: Eilífsdalur og Hrutadalur	18
Tindstaðafjall: ágætt æfingarsvæði	23
Kjarni	24
Ferðir og fundir	25

Forsíðumyndin: Tindstaðafjall norðan Blikdals.
Ljós. William Kaiser, mars '82.

Setning: Prentstofan Blik
Offsetvinna: Repró
Prentun: Formprint

Frá stjórninni

Vertíðin

Nú stefnir vetrarvertíðin í hámark, páskarnir nálgast og allir sem vettlingi geta valdið eru farnir að undirbúa páskaferðina, í huganum að minnsta kosti. Veturinn hefur verið afrekalítill á fjallamennskusviðinu hingað til, menn hafa þurft að leita með logandi ljósi að snjó fyrir skíðin eða ís fyrir öxina. En þetta stendur vonandi allt til bóta. Páskatunglið kviknar hinn 25. þessa mánaðar (mars) og verður fullt á skýrdag en það tryggir póstkortaveður um páskana eins og alþjóð veit.

Bókasafnið

Bókasafn ÍSALP hefur aðsetur í fjórum hillum á Grensásveginum eins og þið flest vitið. Það er ekki stórt og sannast að segja hefur barnið vaxið hægar en forráðamenn og aðstandendur helst hefðu kosið. Þá hefur mönnum þótt illt að geta ekki fengið lánaðar bækur úr safninu til lestrar heima við í góðu tómi. Ástæður fyrir þeirri ákvörðun á sínum tíma að banna útlán stöfuðu af bókaæð og þótt bókum hafi kannski ekki fjölgað mjög mikið síðan þá, þykir ekki stætt á þessu lengur þar sem almennur vilji klúbbfélaga virðist vera fyrir útlánunum. Stjórnin ákvað því að visku sinni að skipa einn úr sínum hópi, Vilborgu Hannesdóttur sem bókavörð og ber mönnum að hlíða hennar fyrirmælum í einu og öllu hvað útlánin varðar. Allar nánari útlistanir um fyrirkomulag verða auglýstar rækilega á sínum stað og tíma við bókahillurnar á Grensásveginum.

Spjaldskrárritari

Nokkuð hefur borið á því að skráning nýrra félaga og breyttra heimilisfanga þeirra eldri hafi verið í hálfgerðum ólestri. Frumorsökina má rekja til þess að enginn ákveðinn aðili hefur séð um þessi skráningarmál fram að þessu. Hefur það orðið til þess að nýskráningar hafa misfarist og eru dæmi þess að tekið hafi mánuði að leiðrétta vitleysuna. Eru þeir sem lent hafa í slíku hér með beðnir afsökunar og vonum við að þetta heyrri brátt sögunni til. Til úrbóta í þessum málum hefur verið ákveðið að skipa sérstakan spjaldskrárritara. Sá er Róbert Tómasson nýkjörinn stjórnarmaður. Skulu menn snúa sér til hans með breytt heimilisföng og nöfn nýrra félaga sem þeir klófesta á vegi sínum.

Árgjald

Nú eiga allir að vera búnir að fá sendan giróseðil fyrir árgjaldi 1982. Nú er það 200 kr. en það mun vera rúml. 50% hækkun frá í fyrra en því til samanburðar geta menn borið saman hækkun stærstu útgjaldaliða, þ. e. blaðsins og húsnæðisins milli '80 og '81 en þar var hækkunin um 60%. Getu því allir séð að þessi hækkun er í minnsta lagi. Þá er einnig á giróseðlinum óútfylltur reitur sem heitir framlag til skálabyggingar. Skorar stjórnin á alla að láta þar ekki sitt eftir liggja svo Botnsúlmaskáli megi verða að veruleika.

Magnús Guðmundsson

Myndakvöld á Hótel Loftleiðum

Annað myndakvöldið í vetur á Loftleiðum fór fram 9. desember. Þá sýndu þeir Guðmundur Pétursson og Torfi Hjaltason myndir úr Alpaferðum m. a. á Matterhorn og Mont Blank. Einnig voru sýndar tvær kvikmyndir frá Ölpunum. Var önnur frá Dólómítunum en hin var tekin á Mont Blank.

Næst var svo myndakvöld 13. janúar og sýndi þá Filipp Patay myndir frá Nepal sem hann hefur tekið þar sem fararstjóri franskra gönguhópa auk þess sem hann sýndi myndir af för sinni á Ísland-peak, um 6200m háan tind í nágrenni Everest.

Loks var svo myndakvöld 17. febrúar en þar sýndi hreinn Magnússon myndir vítt og breitt af landinu. Sýndi hann m. a. syrpu mynda án skýringa en lék tónlist undir. Vakti þessi nýbreytni hans hrifningu viðstaddra.

Myndasýningar þessar hafa allar farið fram í Auditorium sal Loftleiða sem er einhver besti sýningarsalur sem völ er á hér á landi. Fjöldi á þessum sýningum hefur verið svipaður eða um 50 manns.

M. G.

Esjuferðin

Esjuferð var farin 17. janúar. Ætlunin var að klífa Kistufellshornið hið vestra en ekki varð úr því af hópsins hálfu vegna austastorms mikils. Þess í stað var farið upp að og í Gunnlaugsskarð og tímanum varið til ís-klífurs í ísfossum þeim sem þar er að finna.

Tveir fóru að vísu á Hornið og komust að því að þar uppi var óstætt með öllu og hröktust því niður, sömu leið og þeir komu. Vilborg Hannesdóttir var fararstjóri og þátttakendur voru 15.

M. G.

Aðalfundur ÍSALP

Aðalfundur fór fram hinn 10. febrúar að Grensásvegi 5 síðastliðinn. Fundarstjóri var Guðmundur Ingi Haraldsson og fundarritari Einar Hrafnkell Haraldsson. Fyrsta mál á dagskrá var skýrsla stjórnar en hana las formaður upp. Var hún samþykkt án mótakvæða. Þar næst fór gjaldkeri yfir reikninga félagsins og eru þeir ásamt skýrslu stjórnar birtir annarsstaðar hér í blaðinu. Reikningar voru samþykktir samhljóða. Stjórnarkjör var næst á dagskrá. Guðjón Ó. Magnússon var endurkjörin formaður. Einnig voru endurkjörin sem meðstjórnendur Magnús Guðmundsson og Vilborg Hannesdóttir. Í sæti varamanns var kosið á milli Höskuldar Gylfasonar og Róberts Tómassonar og varð Róbert hlutskarpari, hlaut 10 atkv. en Höskuldur fékk 7. Fimm seðlar voru auðir. Árgjald var ákveðið kr. 200,00. Formaður tók til máls og ræddi um skálabygginguna og stöðu þeirra mála. Einnig var rætt um húsnæðið að Grensásveginum, opnu húsin, móttöku nýrra félaga o. fl.

Í lok fundar sýndi Torfi Hjaltason myndir úr starfi klúbbsins á síðasta ári. Fundinn sóttu 26 manns.

M. G.



Úr Tindfjallaferðinni, Tindfjallaskáli og „Tjaldið“. Ljós. Torfi Hjaltason, Febrúar '82.

Tindfjallaferð

Við lögðum af stað um kvöldmatarleytið, föstudag 12. febrúar. Ekið var að bænum Fljótsdal en síðan gegnið þaðan áleiðis upp á Fljótsdalsheiðina. Í fyrstu var veður stillt og gott en smám saman tók að hvesa af norðvestri með snjókomu. Við náðum upp í Efstaskála um kl. 2. Morguninn eftir var liðið drifið upp á Búra en er þangað kom var veður orðið slæmt, hvöss norðan- eða norð-austan átt og él. Því var skundað í skála og ýmis hetjuleg áform látn biða betri tíma. Þar var borðað mikið og ruddalega enda átsiðir formannsins til umræðu. Á sunnudagsmorgun vöknuðu menn það seint að ekki reyndist tími til að vinna stórafrek. Þó

gengu tveir á Haka og nokkur læddust niður í gil vestan megin við skálann til þess að losna við að hreinsa hann. Loks renndum við okkur niður að Fljótsdal þar sem rútan sótti okkur kl. fimm. Á Hvolsvelli fengu mestu velmegunarseggirnir kók í æð. Þátttakendur í ferðinni voru 14 auk fararstjórans Ragnars Jóhannssonar.

Ó. B.

Skessuhornsferð

Fyrirhugaðri ferð á Skarðsheiði þann 28. febrúar var hagrætt á þann veg að ákveðið var að fara á Skessuhorn. Lagt var af stað frá Grensásveginum kl. rösklega átta að morgni og ekið sem leið liggur um Hvalfjörð og Geldingadraga að eyðibýlinu Horni. Veður



Upphafið. Gólfíð komið og grundvöllur lagður. Ljós. Jón Ólafsson, febrúar '82.

var fremur aðgerðalítið, svo til logn neðan til en dálítill vindur þegar ofar dróg. Að örðu leyti var veðurfar um sunnanverðan Borgarfjörð ekki til að býsnast yfir. Lítill snjór var í Horninu og svo til enginn ís á hryggnum. Ferðin upp gekk vel og snjór grjótharður og góður til klifurs þar sem hann var að finna. Á toppnum sást glipta í sólgyllt sundin og Reykjavíkina en að öðru leyti var þoka. Niður í bíla var komið eftir 6 1/2 tíma ferð og án frekari tafa var brunað að Ferstiklu hvar drukkið var kaffi. Til Reykjavíkur var komið um sjöleytið. Fararstjóri var Magnús Guðmundsson og þáttakendur voru 7 að tölu.

M.G.



Í Skessuhorni. Ljós. Torfi Hjaltason, febrúar '82.



Þakið klætt. Myndina prýða smiðirnir þrír sem borið hafa hita og þunga verksins, neðst Guttormur Þórarinnsson 1. yfirsmiður, þá Jón Rafnsson 2. yfirsmiður og efst Jón Geirsson 3. yfirsmiður. Ljós. Jón Ólafsson, mars '82.

Skálasmiðin

Eins og mönnum er kunnugt hefur klúbburinn haft á dagskrá skálasmiði síðustu misseri. Smíði skálans er nú hafinn í nýbyggðum bílskúr í Garðabænum í eigu Sturlu Jónssonar. Við hófum smíðina í lok janúar og vorum við að jafnaði 4–6 sjálfboðaliðar sem unnum á laugardögum. Byrjuðum við á því að reka saman gólfíð, hliðarnar og gafflana úti á botnplötunni við hliðina á bílskúrnum hans Sturlu. Um miðjan febrúar reistum við skálann á einni helgi og þá var hann orðinn fokheldur. Nú hófst aðalvinnan og var unnið laugar- og sunnudaga, bæði inni við að einangra, klæða og innrétta skál-

ann, svo og við að ganga frá að utan. Erum við nú að jafnaði 6–8 sem vinna við smíðina.

Þegar þessar línur eru ritaðar er enn eftir töluverð vinna s. s. við innréttingarnar, í kojum, á svefnloftinu og í anddyrinu. Virðist nú allt stefna að því að skálinn verði tilbúinn til flutnings um mánaðamótin mars–apríl, þá er aðeins eftir að biðja um snjó fyrir flutningana.

G. Ó. M.

Ársskýrsla stjórnar ÍSALP 1981

Fimmta starfsár Alpaklúbsins var í flestu svipað og árið á undan. Félagar í árslok voru 280 en þar af höfðu aðeins 190 greitt árgjöld 1981. Er þetta fjölgun um 20 frá í fyrra en þá höfðu jafnmargir greitt árgjöld og nú. Er þetta seinnæsti fjöldi félaga mjög til boga og má geta þess að um 40 manns greiddu árgjöld 1980 á síðastliðnu ári og hafði þá verðbólgan rýrt framlag þeirra verulega.

Húsnæðið að Grensásvegi 5 var talsvert notað á árinu og má marka það af gestabókinni en í hana hefur verið skrifað tæpl. 900 sinnum. Opnu húsin voru mjög vel sótt framan af en minna seinni hluta ársins. Hvað því veldur er ekki gott um að segja en líklega ráða vandkvæði á því að halda úti fjölbreyttri dagskrá til langs tíma þar miklu um. Ljóst er að finna þarf leiðir til að lifga upp á opnu húsin og eru allar hugmyndir vel þegnar.

Lítið hefur gerst í málum bókasafnsins á árinu. Þó er nú málum svo komið að bæta þarf við bókahillum og er það vel.

Skálinn í Tindfjöllum er í umsjá ÍSALP sem áður. Nokkur halli er á rekstri skálans og má rekja það til þess að sumir virðast láta undir höfuð leggjast að borga skálagjöld. Farin var ein vinnuferð síðastliðið haust, skálinn þrífinn, gólfid málalag og hann almennt undirbúinn undir veturinn.

Almennar ferðir voru 11, þar af 3 vinnuferðir. Þáttakendur voru 92. Það er 16 þáttakendum færri en 1980. Þá fækkaði ferðunum um eina frá fyrra ári. Ferðanefnd sá um skipulagningu ferða og útvegum fararstjóra auk þess sem hún útbjó dagskrá opnu húsanna.

Námskeið voru 6 með 72 þáttakendum. Er það einu námskeiði fleira en 22 þáttakendum færri en árið áður. Það sem mestu

veldur um þessa fækkun eru bergklifurnámskeiðin en í þeim var nánast engin þáttaka, 5 nemendur á tveimur námskeiðum. Er okkur hulin ráðgáta óbeit nýliða á bergklifri. Einnig var 1980 námskeið fyrir lengra komna en ekkert slíkt námskeið var í ár.

Á árinu var gengið frá formi fyrir hinar þrjár tegundir fjallamennskunámskeiða: Vetrarnámskeið, ísklifurnámskeið og bergklifurnámskeið. Tekin var upp sú regla að kennarar fái greitt fyrir kennsluna og gert ráð fyrir að ekki væru fleiri en fjórir nemendur um einn kennara. Á þetta að tryggja betri kennslu og þykir reynslan hafa sýnt það. Fræðslunefnd sá um þessi mál en í henni eiga sæti Torfi Hjaltason, Einar Hrafnkell Haraldsson og Helgi Benediktsson.

Sú nýbreytni var tekin upp á þessu ári að bjóða upp á vandaðar myndasýningar fyrir félaga og aðra á Hótel Loftleiðum. Er til þess notaður Auditorium-salur Hótelins en hann er sérstaklega gerður fyrir myndasýningar og önnur fundahöld. Haldnar voru þrjár slíkar myndasýningar á árinu. Var sú fyrsta í apríl og sýndi Nigel Gifford, enskur fjallamaður sem hingað kom á vegum Skátabúðarinnar, myndir frá klifri í Norður-Ameríku. Í október sýndi Helgi Benediktsson myndir frá Öræfajökli og nágrannafjöllum hans. Í desember sýndu Guðmundur Pétursson og Torfi Hjaltason myndir úr Ölpunum auk þess sem sýndar voru 2 kvikmyndir þaðan. Tókust þessar myndasýningar vel og varð af þeim nokkur hagnaður þó aðsókn hefði mátt vera meiri. Um 50 manns sótti þessar sýningar að jafnaði.

Blaðið kom út fjórum sinnum á árinu með margvíslegu efni sem áður. Er útgáfan nú komin í nokkuð fastar skorður en e. t. v. er

helsta nýngunin á liðnu ári að tekin var upp myndaopna þar sem gengið er í smíðju til myndasmíða og þeir látnir draga fram spari-myndirnar. Ritnefndin bar hita og þunga af útgáfunni sem endranær.

Málefni væntanlegs Botnsúlaskála bar hátt á árinu. Það gerðist fyrst á árinu að Ferðafélag Íslands svaraði jákvætt beiðni ÍSALP um styrk og ákvað að veita okkur 30.000 kr. en það er bróðurpartur af kostnaði við skálann. Var þetta mjög rausnarlegur framlag hjá F. Í. og ber að þakka það. Vill F. Í. fá takmarkaðan afnotarétt af skálanum í staðinn og má það teljast mjög sanngjarnt. Yfirráð og eignarréttur ÍSALP yfir húsinu er hins vegar skýlaus. Ekki tókst að finna aðstöðu fyrir skálasmiðina síðastliðinn vetur en mest af efninu var keypt í haust og húsnæði fékkst til smíðanna í fókheldum bílskúr í Garðabæ hjá Sturlu Jónssyni. Fór verkið af stað um áramótin og nú er unnið af fullum krafti. Uppi í Botnsúlum var klárað að safna saman grjóti í undirstöður og farið með vírnet utan um grjótið og festingar fyrir skálann uppeftir. Verður því líklega mjög fljótlegt að koma skálanum fyrir þegar þar að kemur. Nú stefnir allt í það að

skálinn verði tilbúinn í mars. Þá er bara að biðja um nógan snjó og gott veður til að hægt verði að flytja hann uppeftir í vetur.

Stjórnarfundir urðu tólf á árinu eða einn í mánuði að jafnaði. Stjórnina skipuðu: Guðjón Ó. Magnússon formaður, Torfi Hjaltason varaformaður, Halldór Guðmundsson gjaldkeri, Magnús Guðmundsson ritari og Einar Steingrímsson og Vilborg Hannesdóttir meðstjórnendur.

Að lokum vill stjórn ÍSALP þakka öllum þeim sem unnu störf fyrir klúbbinná árinu í nefndum, fararstjórn, kennslu eða með annarri vinnu fyrir sitt framlag.

Sjórn ÍSALP

Heimilistrygging

Heimilistrygging SJÓVÁ bætir tjón á innbúi af völdum eldsvoða, vatns, innbrota og sóttfalls, einnig ábyrgðarskyld tjón – svo nokkuð sé nefnt.



005

SJÓVÁ

SUÐURLANDSBRAUT 4 – SÍMI 82500

**SJÓVÁ tryggt
er vel tryggt**

Ársreikningur 1981

Gjöld:

Útgáfukostnaður	Kr.	21.552,05
Bækur, blöð, kort	—	1.083,00
Húsaleiga, rafmagn o. fl.	—	10.895,20
Burðargjöld	—	1.153,10
Auglýsingar	—	964,60
Gíróseðlar	—	864,40
Viðhald Tindfjallaskála	—	1.764,25
Ýmislegt	—	359,65

Tekjur:

Félagsgjöld:	1979	1 × 50 = kr.	50,00
—	1980	41 × 80 = —	3.280,00
—	1981	189 × 130 —	24.570,00

Mismunur v. gengis 35,30 27.935,30

Seld merki kr. 480,00

÷ kostnaðarverð kr. 480,00 0

Seld blöð 300,00

Auglýsingatekjur 6.250,00

Hagnaður af sælgæti 503,45

Tekjur af Tindfjallaskála 230,00

Hagnaður af myndasýningum 1.340,00

Vextir af ávísanareikningi 1.190,00

Gjöld umfram tekjur 887,43

Samtölur 38.636,25 38.636,25

Eignir:

Ávísanareikningur nr. 1371 LÍ	Kr.	2.340,32
Skáli í smíðum	—	1.476,05
Bókasafn	—	1.058,14
Sjúkrabörur	—	418,75
Sýningarborð	—	168,00
Sýningartjald	—	373,00
Kommóða	—	148,00
Óinnheimt v/ merkjasölu	—	480,00

Skuldir:

Ógreidd prentun og plötuvinna Kr. 3.736,00

Höfuðstóll 1. 1. 1981 Kr. 3.613,69

÷ gjöld umfram tekjur — 887,43 — 2.726,26

Samtölur Kr. 6.462,26 6.462,26

Reikningarnir hafa verið yfirfarnir og samþykktir

Reykjavík, 8. febrúar 1982

Erlingur Thoroddsen



ÁRSHÁTIÐ

ISALP

Verður haldin í
húsnæði klúbbsins
föstud. 16 apr kl 20.

Hittumst hress

Nefndin.

Styrktaraðilar

Pálmason og Valsson

Klapparstíg 16, s. 27745

Tímaritið Áfangar

Veltusundi 3b, s. 29440 og
29499


Klifurferð til Noregs! (eða hvernig á að skemmta sér á kostnað annara.)

Åndalsnes! galar norskí lestarstarfsmaðurinn, og með ískri stöðvast lestin. Á brautarstöðinni stendur slæðingur af fólki, aðallega innfæddir en þrjú snjaldur eru kunnugleg, Einar, Bjössi og Sigga. Ég, Bill og Janet böðlumst út að hætti ferðalanga sem eru búnir að hristast í þessum óyndislegu farartækjum í nær 15 tíma. „Hvar tjölduðuð þið?“ Eruð þið búnir að gera eitthvað?“ Eftir að hafa heilsast og spyrja um hagi hvers annars leggjum við af stað í leigubíl og stað-

næmumst rétt fyrir utan þorpið. Um 20 metra frá þjóðvegabrúnni má sjá tvö tjöld á milli hárra trjáa. „Hva! hérna!“ „Svo getum við leigt okkur hjól til að fara í bæinn að kaupa inn.“ „Stórkostlegt,“ hugsa ég. Eftir að hafa klofað yfir rafmagnsgirðingu og skáskotið okkur hjá stærðar kúadellum erum við komin að tjöldunum. „Annars er einhver snarvitlaus norsari búin að vera að hóta okkur öllu illu ef við hypjum okkur ekki, líklega kúasmalinn sem rekur beljurn-



Vöðvarækt. Greinarhöfundur og Björn Vilhjálmsson þjálfa huga og hönd. Ljós. Einar Steingrímsson, júlí '81.



Nú verða buxurnar að halda . . . Ljós. Torfi Hjaltason, júlí '81.

ar hér um.“ Bjössi, Sigga og Einar voru búnir að vera um það bil viku á staðnum þegar við komum, og strax búnir að koma upp vinnugjarnlegum samskiptum við væntanlega nágranna. „Gaman, gaman,“ hugsa ég enn, það er þó til bóta að rafmagnsgirðingin er ekki í sambandi. „Hvernig er það eiginlega eruð þið ekki búnir að GERA neitt?“ „Ha, tjá það er nú eiginlega búið að vera hálf fúlt veður, en við erum búnir að sjá ýmislegt.“ Um kvöldið er skrafað og rétt jafnframt er tollurinn okkar þriggja, sem síðast komum, drukkinn. Ég gleymi því seint hvernig það fór, því ég sofnaði víst undir regnhlíf seinna um kvöldið og átti því erfitt með að hafa auga með því sem mitt taldist. Þetta jafnar sig kannski einhvern tíma. Þetta sama kvöld

birtist Werner, vinur Bjössa, kallaður Venni og var búinn að þvælast alla leið frá Lofoten. Venni, sem er þýskur, notaði íslenska fánann sem farmiða, hann fór mikið um á puttinum, og Norðmenn féllu fyrir íslenskunni hans og þótti vænt um að hjálpa hinum íslenska frænda. Morguninn eftir: „Guð minn góður er þetta virkilega hinn nafntogaði ferðamannabær Åndalsnes?“ Um 2000 íbúar og 200.000 ferðamenn koma þar árlega? Tvö kaffihús sem loka kl. 5 á daginn nema um helgar, þá er lokað kl. 2! Jú það er náttúrlega hægt að fara á brautarstöðina, mjög svo notalegur staður eða hafið þið komið í mötuneytið að Sultartanga? Að ógleymdum tjaldstæðunum. Það var upplifun að koma á þau. Stressaðir sumarleyfis

Norðmenn og aðrir norðurlandabúar út um allt. Allir að bóna hjóhýsin sín eða að skamma krakkaræflana sína. Töknilegastur allra þjóðflokka sem við rákumst á, voru samt laxveiðimennirnir. Þarna um rennur Ravna, fræg laxveiðiá í Noregi. Þeir, veiðimennirnir, stóðu í löngum röðum á brúm og bökkum, og flestir í vöðlum sem náðu þeim uppí handarkrika. Kyndugt, því árin var víða svo djúp að hefðu þeir vogað sér fet úti þá myndu vöðlurnar hafa sokkið með manni og mús. Aðeins einu sinni sáum við fisk þarna, þ. e. a. s. ekki í búð, kappinn var mjög hróðugur þar sem hann stikaði um, fiskurinn var jú næstum 30 cm!

Ekki ætla ég að hafa þessar Noregsminningar lengri en vísa þá frekar á æviminningar mínar sem koma út fyrr en síðar. En það voru því þreyttir en ánægðir félagar sem...

Torfi Hjaltason.

Fjallgöngugarparnir Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson. Ljós. Torfi Hjaltason, júlí '81.



Styrktaraðilar

Rakarastofan Dalbraut
Dalbraut 1, s. 86312

Radíóbúðin
Skiopholti 19, s. 29800

Formprent
Hverfisgötu 78, s. 25960

Fyrsta vetrarferð á Hraundranga!

Laugardaginn 20. mars var Hraundranginn við Öxnadal klifinn. Er þetta í fyrsta skipti sem drangurinn er klifinn að vetrarlagi. Áttu þar í hlut Akureyringarnir Broddi Magnússon og Páll Sveinsson. Þeir lögðu upp frá Staðabakka í Hörgárdal kl. 9.00. Byrjaði klifrið um 80 m fyrir neðan tindinn og var kl. þá 12.30. Töluverður snjór var í

tindinum, en þó ekki nógu góður til trygginga, var því tryggt með berg fleygum. Var mosinn vel nothæfur til að klifra með axir og á broddum því frosinn var hann í meira lagi. Nú upp á toppinn var komið kl. 15.30. Leiðin sem klifin var má sjá á mynd í leiðarvísi ÍSALP nr. 13. Blaði nr. 19.

Fyrsta atlaga að Hraundranga


Fyrir skömmu var Hraundrangi í Öxnadal klifinn í sjötta sinn. Sem kunnugt er voru það þeir Nicholas Clinch, Finnur Eyjólfsson og Sigurður Waage er fyrstir klifu dranginn, árið 1956. Fáir vita hins vegar um fyrstu tilraunina sem gerð var til að sigra Hraundranga.

Sumarið 1956 kom hingað Kenneth nokkur Henderson frá Bandaríkjunum við þriðja mann. Kenneth þessi var um tíma ritstjóri útlífstímaritsins Appalachia og einn höfundar Handbook of American Mountaineering. Hann skrifaði grein um fjallgöngur þeirra félaga hér á landi í fyrrnefnt tímarit og mun það vera fyrsta grein um klifur á Íslandi sem birst hefur í Bandaríkjunum (des. 1956).


Henderson og samferðamenn hans, Gaebelein og Cronk, fóru m. a. á Snæfellsjökul, Heklu, Loðmund, Snækoll, Herðubreið og Hvannadalshnúk. En þeir Henderson og Cronk gerðu líka tilraun til að klífa Hraundranga í félagi við Nick Clinch. Þeir hrepptu leiðindaveður, ausandi rigningu og frosthélu á efstu eggjum. Henderson giskar á að þeir hafi átt um 30–40 m eftir ofarna upp á dranginn er þeir neyddust til að snúa við.

Seinna í ferðinni hugðust bandaríkjamennirnir þrír reyna við Hnappinn vestari á Örafajökli á leið ofan af Hvannadalshnúk. Þeim þótti leiðin sýnilega erfið og töldu hana krefjast töluverðrar vinnu er þeir voru ekki færir um að takast á hendur eftir langan dag. Var því hætt við klifrið.

Ari T. Guðmundsson



Á Hornbjargi. Jörundur elst fyrir mikri mynd. Kálfaíndur til hægri.



Í Gígjökli

Nr. 17: EILÍFSDALUR OG HRÚTADALUR

A. Eilífsdalur


Eilífsdalur er mikill dalur sem gengur inn í Esjuna að norðan. Hlíðar dalsins eru fremur brattar og virðast klettabelti í efstu brúnum en í gegnum þau liggja ýmist gil eða skorningar sem verða áhugaverð fyrir fjallamanninn að vetrarlagi. Eftir dalnum rennur Dælisá. Þekktastur er Eilífsdalur fyrir Eilífstind, um 700 m háan, sem gengur út úr norðurhlíðinni fyrir botni dalsins og íspilin sem liggja vestan við hann.



Í norðurgili Eilífstinds. Ljóm. Guðmundur Pétursson, janúar '81.

Afar lítið hefur verið klifrað í dalnum og enn sem komið er hefur enginn mjög erfið leið verið farin þó að möguleikarnir séu miklir.

Sitt hvoru megin við dalinn ganga fjallsranar út úr meginfjalli Esjunnar, Skálatindur (807 m) austan og Þórnyjartindur (um 700 m) að vestan. Leggi menn leið sína í Eilífsdal skal beygja út af Vesturlandsvegi og fara veginn milli Tindstaðafjalls og Eyr-



Eilífsdalur og Hrutadalur — yfirlitskort.

arfjalls, Miðdalsafleggjara, inn að bænum Eilífsdal. Þaðan er síðan gengið inn í dalinn. Dalsbotninn er í 150–200 m hæð og yfirleitt 500–600 m hækkun upp á brún.

Gæta skal fyllstu varúðar á öllum ferðum um dalinn vegna snjóflóðahættu og gæta þess að langt er í hjálpi ef eitthvað kemur fyrir.

Pegar farnar eru leiðir í Eilífsdal er betra að fara snemma af stað því aðdragandi er talsverður auk þess sem leiðirnar krefjast þó nokkurs tíma.

Bent skal á tvær gönguleiðir sem hægt er að nota sem niðurgönguleiðir eftir að farnar hafa verið klifurleiðir upp úr dalnum.

Önnur er austan við Eilífstind þar sem Fossá, önnur þverá Dælisár á upptök sín. Er þá farið upp (eða niður) víða skál en neðan til geta verið ísbunkar sem ber að varast. Talsverður bratti og töluverð snjóflóðahætta.

Hin leiðin liggur upp úr (niður í) dalbotninum að vestan og heitir þar Gunnlaugsskarð efst. Er það nokkurs konar skál líkt og í hinu meira þekktu Gunnlaugsskarði sunnan í Esjunni. Neðar er svo brattara og ber að varast svellbunka í gilskorningum. Snjóflóðahætta líklega minni en á hinni leiðinni. Einnig liggur hún betur við flestum klifurleiðanna.



„Einfarinn“ klifinn. Ljós. Snævarr Guðmundsson, nóvember '81.

Nr. 1: Eilífstindur — norðurgil

Skemmtileg vetrarleið sem gefur gott útsýni til íspilja Eilífsdals.

Lóðrétt hækkun: 600 m
Klifurhæð: 200–250 m
Gráða: I
Vegalengd: 4 km

Farið er frá bænum Eilífsdal inn í dalinn og er þá rétt að halda sig vestan Dælisár. Eilífstindur blasir við fyrir miðjum dal. Þegar komið er inn í dalbotn skal haldið upp hlíðina og farið austan við klettahrygg Eilífstindsins. Þá kemur í ljós framundan gil eitt mikið sem sker sig í gegnum klettana alveg upp að toppnum. Toppurinn er dálítill klettanabbi, lóðréttur, um 6–8 m hár og kleifur án teljandi erfiðleika.


Nr. 1A: Frá Eilífstindi á Esju

Hækkun: 100 m
Gráða: I

Haldið frá Eilífstindinum austan við og undir klettunum upp af honum inn í gil sem sker sig alla leið upp á háfjall Esjunnar. Efst í gílinu er oftast hengja sem menn geta þurft að grafa sig í gegnum. Rétt er að benda á að um 15–20 m neðan við brúnina er hægt að fara upp til hægri, sæmilega færa leið og sleppa þannig við hengjuna.

Nr. 2: Einfarinn:

Erfiðasta leiðin í dalnum enn sem komið er. Ákaflega falleg og skemmtileg leið. Hætta á snjóflóðum.



Botn Eilífsdals og Eilífstindur. Leiðirnar merktar inná myndina. Ljós. Villiam kaiser, mars '82.

Lóðrétt hækkun: 700 m
Klifurlengd: ca. 80 m
Gráða: III
Vegalengd 4 km

Þegar innst í dalinn er komið blasa við íspilin vestan megin við Eilífstind. Leiðin liggur upp það austasta.

Haldið er upp skriðurnar í átt að ísfossinum. Komið getur fyrir að það þurfi að brölta upp auðvelda kletta áður en haldið er í sjálft gilið undir ísfossinum. Gæta skal fyllstu varkárni í gílinu sjálfu. Þegar upp að ísfossinum er komið skal halda upp um 25 m langt gil hægra megin við ísfossinn upp á hrygg. Þaðan upp íshaft ca. 80° bratt og 3–5 metra langt, en síðan tekur við íspil ca. 45° bratt og 30 m langt. Þaðan skal halda inn í gil vestan megin í ísfossinum og haldið beint upp það. Í

gílinu eru nokkur 75°–90° brött íshöft og efst í gílinu minnstur brattinn til muna upp á brún.


Nr. 3: Þórnyjartindur — Austurgil

Lóðrétt hækkun: 600 m
Gráða I

Haldið inn dalinn og í vestur að mest áberandi gílinu á austurhlíð Þórnyjartinds. Haldið upp syðri brúnina alla leið upp. Efst sveigir leiðin aðeins í suður. Hengja efst. Leiðin er 45° brött og ákaflega einhæf og löng. Þegar þessi leið hefur verið farin hafa menn oftengið áfram yfir Esju.

B. Hrútaadalur

Næsti dalur vestur af Eilífsdal heitir Hrúta-



Hrútagalur. Ljós. William Kaiser, mars '82.

dalur og er hann eiginlega skál á milli Þór-
nýjartinds að austan og Tindastaðafjalls að
vestan.

Til að komast þangað skal aka sömu leið
og þegar farið er í Eilífsdal uns Hrútagalur ber
fyrir augu. Aka skal farartæki út í vegarkant
á móts við dalinn og ganga þaðan inn í hann.
Eins og í Eilífsdal skal varast snjóflóðin.

Leiðir í Hrútagalur eru svipaðar að erfið-
leikum og í Eilífsdal eða þó nokkuð erfiðari.

Til að komast niður af fjallinu eftir að upp
er komið skal halda norður eftir Þórnyjar-
tindi og niður NV-hrygg fjallsins, Innri-
Sandhrygg.

Austurgilinn

Austast í skálinni sem myndar Hrútagalur eru
þrjú gil áberandi og snúa þau mót vestri.
Nyrsta gilið er þeirra erfiðast.

Nr. 4: Norðurgil

Hækkun: 650
Klifurlengd: ca. 150 m
Gráða: II

Þegar komið er inn í dalinn skal halda inn í
gilið og verður það brattara eftir því sem
ofar dregur og er mesti brattinn efst uppi.
Gæta skal fyllstu varkárni og tryggja af
gaumgæfni því að leiðin er mjög opin. Efst
er yfirleitt stór hengja. Alvarleg II. gráðu
leið.

Afbrigði af þessari leið var farið í ÍSALP-
ferð 1980 en það liggur upp klettana norðan
við gilið (sjá mynd) og er sú leið III. gráða.

Nr. 5–6: Mið- og Suðurgil

Lóðrétt hækkun: 650 m
Gráða: I

Syðri gilin tvö eru fremur auðveld snjógil –
dæmigerð fyrsta gráða. Hengjur í toppinn.

Nr. 7: Handan við Hornið

Lóðrétt hækkun 650 m
Klifurlengd: 80 m
Gráða: IV

Alvarleg og erfið leið. Ekki viðhæfi byrj-
enda eða þeirra sem óvanir eru klifri. Leið
þessi var fyrst farin í ÍSALP-ferð í janúar
1980.

Haldið upp í gil sem gengur þvert á klett-
ana vestast í skálinni. Þar í eystri brúninni
fellur um 75° brattur ísfoss niður. Haldið
upp að honum og þarf þá fyrst að fara upp
íshaft ca. 8 m langt. Fyrstu 20 m þar fyrir
ofan eru erfiðastir en næstu 20 m eru mun
auðveldari – þó er mjög bratt efst við brún-
ina. Þar fyrir ofan kemur síðan aflíðandi
brekka með lítilli hengju í toppinn.

Athuga skal að þessi leið er aðeins fær í
góðu ári, því þar er annars yfirleitt enginn ís.

*Snævarr Guðmundsson
Magnús Guðmundsson*

Tindastaðafjall: Ágætt æfingasvæði.

Þegar ekið er úr Reykjavík til Hvalfjarðar er
farið fyrir breiðan dal norðvestan í Esjunni.
Heitir hann Blikadalur. Eftir dalnum rennur
Blikadalsá og hefur hún grafið sér alldjúpt
gljúfur á kafla. Beggja vegna dalsins eru víða
brattir klettaveggir. Má finna þar ágætar
I., II. og jafnvel III. gráðu snjó- og ísleiðir.

Framarlega í Blikadal ber einna mest á
nokkuð háum múla með tveimur píramída-
lögudum hamrapiljum fremst. Fjallið, sem
er slétt að ofan eins og Esjan er öll, heitir
Tindastaðafjall (oft nefnt Tindastaðhnúkur)
er um 716 m hátt. Margar snjólænur eru í
hlíðinni móti dalnum og má átla klifurleið-
ir þar um og yfir 150 m langar. Þarna má
velja sér I. og II. gráður vetrarleiðir og jafn-
vel stuttar III. gráðu spannar. Fjallið endar í
hrygg móti norðvestri og þar er hægt að
finna sér léttu snjóleið ef skilyrði eru hag-
stæð.

Fyrir skömmu reyndi ég skemmtilega leið
í miðju fjallinu, dæmigerða II. gráðu leið
með 45° til 70° halla og þremur íshöftum
(ásamt Olgeiri Sigm. og Orra Magn.). Vil ég
endilega benda á þetta svæði eftir þá
reynslu. Þegar menn vilja hvíla sig á Gunn-
laugsskarði, Eilífsdal eða Kistufellinu er til-
valið að skreppa í Blikadal. Fari menn á
Tindastaðafjall er best að halda sig norðan
við ána. Í árgljúfrinu eru oft ísfossar sem má
hafa sem forrétt eða eftirrétt.

Ari T. Guðmundsson.

Kjarni

Syðst í landi Akureyrar er skógivaxið svæði sem nefnist Kjarni og er það útivistarsvæði Akureyringa. Ofan við þetta svæði er klettabelti og skiptist það í þrennt. Heyrt hef ég að áður fyrr hafi hver klettur heitið sínu nafni, Langiklettur (syðst), Arnarklettur (mið) og Krossklettur (nyrst) en í nútíma munni nefnast þeir einu nafni Kjarnaklettur. Ætlun mín í þessari grein er að minnast örlítið á Arnarklett.

Kletturinn sjálfur er allt frá 10m upp í 55m á hæð en klifurleiðir eru ekki lengri en 30 – 40m. Þrjár leiðir er nú búið að klifra, tryggðar að neðan, og eru þær merktar 1, 2, og 3 á meðfylgjandi mynd.

Leið 1 kallast „Stóllinn“, og er 25 m. Var hún klifin voru 1981. Voru notaðir bæði fleygar og hnetur.

Leið 2 kallast „8 × 4“. Hún var klifin sumarið 1980. Leiðin er um 30 m og notaðir fleygar og hnetur.

Leið 3 nefnist „Skelin“ og er 25 m. Hún var klifin sumarið 1980. Leiðin hefst á alveg sléttum, fótfestulausum vegg og þurfti þar að notast við stiga. Notaðir voru hnetur og fleygar.

Leið 4 nefnist „Indiáninn“ og er 10 m. Þessi leið hefur reyndar aldrei verið klifin og er þess vegna kannske ekki rétt að kalla hana leið, en ég geri það samt, því ég er viss um að ýmsa langar að verða fyrstir til að klifra hana.

Þetta er ein lóðrétt sprunga sem endar á dálitlum slúttandi kafla. mestan hluta leiðarinnar er klifið í „layback“ og einungis hægt að „jamma“ fremsta hluta fingranna inn í sprunguna. Það má geta þess að við hér fyrir norðan höfum reynt að klifra hana tryggðir að ofan en ekki komist, ég gæti


trúað að það mætti gráða hreyfingar í leiðinni allt upp í 5.9.

Leiðir 5 köllum við einu nafni „kerlingarleið“. Þetta eru nokkrar uppgönguleiðir sem hægt er að klifra „solo“. Ágætar til æfinga og upphitunar en eru nokkuð mosa-grónar.

Inn í hringnum á mynd 1 eru tveir menn, sem ágætt er að hafa til viðmiðunar um stærð klettanna. Undir Arnarkletti eru steinar, sem eru mjög góðir til æfinga. Einn-



Mynd 1. „Indiáninn“. Sprungan er örlítið til hliðar við strikið, leiðin er ekki öll sýnileg á myndinni. Ljós. Hreinn Magnússon.



Mynd 2. Arnarklettur. Ljós. Hreinn Magnússon.

ig er ofan við Arnarklett þunnt klettabelti sem ágætt er að nota til æfinga og upphitunar.

Ég ætla að lokum að benda á að í Kjarnalandi er verið að rækta upp tré, og er því

mikið þar af lágvöxnum trjágróðri. Bið ég því alla að hafa augun opin og gæta að hvar þeir ganga.

Sigurður Á. Sigurðsson.

Félagar

**Kaupið eintök af eldri tölublöðum
tímarits ÍSALP.
Þau eru til sölu í félagsheimilinu á
Grensásveginum og kosta kr. 30.00
stykkið.**

Ritnefnd

Ferðir og fundir ÍSALP

Miðvikudagur 7. apríl:

Opið hús.

Miðvikudagur 14. apríl:

Opið hús – skráning í Suðurjöklaferð. Guðjón Ó. Magnússon sýnir myndir úr ferðum á Suðurjöklanna. (Eyjafjalla-, Mýrdals- og Tindfjallajökul).

Miðvikudagur 21. apríl:

Opið hús.

Fimmtudagur 22. – Sunnudagur 25. apríl:

Skíðagönguferð um Suðurjökla: Stóra-Mörk – Hámundur – Fimmvörðuháls – Entuköllur – Emstrur – Tindfjöll – Fljótsdalur. Aðeins fyrir vana fjallamenn. Gist í skálum. Fararstjórar: Pétur Ásbjörnsson og Torfi Hjaltason.

Miðvikudagur 28. apríl:

Opið hús – Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson sýna myndir vítt og breytt af landinu. (m. a. frá Skarðatindi, Kerlingu og Eystrahorni).

Miðvikudagur 5. maí:

Opið hús – í umsjón húsnefndar

Miðvikudagur 12. maí:

Opið hús – Skráning á ísklifurnámskeið, rætt um Eyjafjallajökulsferð og myndir af Eyjafjallajökli sýndar.

Laugardagur 15. maí:

Dagsferð á Eyjafjallajökul

Mánudagur 17. maí:

Undirbúningsfundur fyrir ísklifurnámskeið.

Miðvikudagur 19. maí:

Opið hús – Rætt um ferðina á Tröllaskaga. Guðjón Ó. Magnússon sýnir myndir af Tröllaskaganum.

Föstudagur 21. maí:

Undirbúningsfundur fyrir ísklifurnámskeið.

Laugardagur 22. maí –

sunnudagur 23. maí:

Ísklifurnámskeið á Gígjökli í Eyjafjallajökli. Þáttakendum verður m. a. leiðbeint um notkun ísaxa, beitingu mannbrodda, trygginga og leiðarval á jökli. Sofið í tjöldum. Fjöldi takmarkaður við 16. Þáttökugjald kr. 200.

Miðvikudagur 26. maí:

Opið hús. Einar Steingrímsson ræðir um siðfræði í klifri.

Fimmtudagur 27. maí –

Þriðjudagur 1. júní:

6 daga ferð á Tröllaskaga. Í þessari ferð mætti hugsa sér að ferðast um Gleránslíð í fjallaskíðum eða fara í „létt“ klifur á norðurvegginn á Kerlingunni eða á Hraun-dranga. Fararstjóri: Guðjón Ó. Magnússon.

Miðvikudagur 2. júní:

Opið hús. – Sighvatur Blöndal ræðir um utanlandsferðir. Ef þú hefur áhuga á Alpa-

ferð í sumar þá gefst nú tækifæri til að afla sér upplýsinga. Skráning á klettaklifurnámskeið.

Mánudagur 7. júní:

Undirbúningsfundur fyrir klettaklifurnámskeið.

Miðvikudagur 9. júní:

Opið hús.

Föstudagur 11. júní:

Undirbúningsfundur fyrir klettaklifurnámskeið.

Laugardagur 12. – sunnudagur 15. júní:

Klettaklifurnámskeið í nágrenni Reykjavíkur. Þáttakendum verður m. a. leiðbeint um meðferð línu, trygginga og leiðarval í klifri. Fjöldi takmarkaður við 16. Þáttökugjald kr. 300.

Miðvikudagur 16. júní:

Opið hús – í umsjá húsnefndar.

Miðvikudagur 23. júní:

Opið hús – Rætt um ferðina á Eiríksjökul.

Föstudagur 25. – sunnudagur 26. júní:

Ferð á Eiríksjökul. Gist í tjöldum.

Miðvikudagur 30. júní:

Opið hús – Rætt um Eigerferð.

Fimmtudagur 31. júní:

Ferð á norðurvegginn á Eiger. Takið með þekkur brodda. Aðeins fyrir vana fjallamenn. Fararstjóri: Árni Tryggvason.

Miðvikudagur 7. júlí:

Opið hús í umsjón húsnefndar.

Miðvikudagur 14. júlí:

Opið hús – Rætt um ferðina á Fjallkirkjuna.

Föstudagur 16. – sunnudagur 18. júlí:

Ferð á Fjallkirkju á einn besta útsýnisstað landsins. Létt klifur- og/eða skíðaferð. Gist í skála.

Miðvikudagur 21. júlí:

Rætt um ferðina á Bárðarbungu.

Miðvikudagur 28. júlí:

Opið hús – Mæting í Öskjuhlíðinni kl. 20.00

Föstudagur 30. júlí – mánudagur 2. ágúst:

Ferð á Bárðarbungu, næst hæsta fjall landsins. Gengið verður á jökulinn úr Vonarskarði. Gist í tjöldum.

Miðvikudagur 4. ágúst:

Opið hús í umsjón húsnefndar.

Miðvikudagur 11. ágúst:

Opið hús – Frjálst myndakvöld – Félagar! komið með eigin myndir úr klifri ársins.

Miðvikudagur 18. ágúst:

Opið hús – Myndakvöld.

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



**Camp
Trails**



MoAc



ajungilak



**Blacks
of Greenock**

ultimate

Paraboot - Galibier



Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparsveit Skáta Reykjavík